



Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Hafnargötu 28 eh. * 710 Seyðisfirði * Sími 472 1690 * Fax 472 1691 * Netfang ssa@ssa.is * www.ssa.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík .

Seyðisfirði 21. janúar 2008

Alþingi
Erindi nr. P 135/1099
komudagur 22.1.2008

Efni : Umsögn SSA til menntamálanefndar Alþingis .

Frumvarp : Grunnskólar 285. mál.

Frumvarp : Framhaldsskólar 286. mál.

Frumvarp : Leikskólar : 287 mál

Frumvarp : Menntun og ráðnig kennara 288. mál.

Stjórn SSA tók fyrir frumvörpin á fundi sínum 18. janúar sl. á Egilsstöðum. Á sama tíma fjallaði stjórn Sambands ísl sveitarfélaga einnig um frumvörpin á Egilsstöðum.

Stjórn SSA telur að í heildina eigi frumvörpin það sameiginlegt að bæta skólastarfið á öllum stigum gera það markvissara og auka gæði kennslunnar með þeirri nálgun að menntun allra barna verði sambærileg við það besta sem þekkist í nágrennalöndunum.

Rétt er að benda á að með samþykkt þeirra má ætla að allnokkur kostnaðarauki verði þeim fylgjandi hjá sveitarfélögunum .

Þar má nefna t.d lengingu kennaranámsins . *Nauðsynlegt er því að fyrir liggja kostnaðarmat á frumvarpi um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda.*

Varðandi Framhaldsskólana , sem eru á hendi ríkisins , og stofnkostnað þeim fylgjandi er það margítrekuð krafa frá sveitarfélögunum að þau verði *leyst undan greiðsluþátttöku í stofnkostnaði framhaldsskólanna .*

Einnig sú krafa að þau láta af hendi lóðir án endurgjalds.

Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga á að vera skýr og eyða ber öllum gráum svæðum.

Stjórn SSA gerir ekki athugasemdir við einstaka greinar í frumvörpunum en vísar til ítarlegrar , innsendrar , umsagnar stjórnar Sambands ísl sveitarfélaga varðandi frumvörpin 4.

Virðingarfyllst
f.h. stjórnar SSA

Þorvaldur Jóhannsson
framkvæmdastjóri